

Athugasemdir Félags prófessora við ríkisháskóla, Félags háskólakennara og Félags háskólakennara á Akureyri við könnun á viðhorfum til matskerfis opinberu háskólanna og vinnumatssjóða.

Stjórnir ofangreindra félaga gera alvarlegar athugasemdir við yfirstandandi viðhorfskönnun um matskerfi ríkisháskólanna og vinnumatssjóði. Athugasemdir félaganna eru í 7 liðum.

1. Rétt er að geta þess í upphafi að ekkert samráð var haft við félögin um viðhorfskönnunina, tilgang hennar, efni, eða einstakar spurningar. Stjórnarmenn félaganna vissu fyrst af könnuninni degi áður en hún var send út með almennum pósti til akademískra starfsmanna háskólanna. Þetta teljum við óeðlilegan framgangsmáta, m.a. í ljósi þess að hafa þetta samráð um þróun matskerfisins samkvæmt fyrra samkomulagi. Eðlilegt hefði verið að kynna fulltrúum félaganna könnunina og gefa þeim kost á ábendingum og athugasemdum við efnisþætti og spurningar.
2. Ýmis efnisatriði könnunarinnar varða þætti sem félögin hafa sjálf haft frumkvæði að og samið um, ýmist við ríkið í miðlægum samningi án milligöngu háskólanna, eða við ríkisháskólana í stofnanasamningum. Gildir þetta t.d. um vinnumatssjóði HÍ og HA, og Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora. Síðastnefndi sjóðurinn er t.d. upprunninn hjá kjaranefnd og varð síðar að mikilvægum þætti í miðlægum kjarasamningi FPR og fjármálaráðherra fh. ríkisins. Sjóður um árangurstengda tilfærslu starfsþátta er einnig til kominn sem hluti af launakjörum prófessora í kjarasamningum gegnum stofnanasamninga við ríkisháskólana. Í bréfi til akademískra starfsmanna háskólanna sem fylgir umræddri könnun er greint frá því að spurninganna sé spurt „í tengslum við endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna“. Í könnuninni er svo spurt hvort leggja eigi sjóðina niður eða draga úr vægi þeirra. Þannig er matskerfinu og sjóðunum blandað saman og að auki látið að því liggja að matskerfið og sjóðirnir verði endurskoðaðir af hálfu ríkisháskólanna með hliðsjón af könnuninni. Einhliða framganga háskólanna varðandi slíka endurskoðun er hins vegar ekki í boði, og það á stjórnendum ríkisháskólanna að vera full kunnugt um. Félögin vilja á rétta að kjarasamningar eru samþykktir eða þeim hafnað í almennum atkvæðagreiðslum innan félaganna og um þá hefur ríkt víðtæk samstaða.
3. Afar villandi er að í könnuninni er spurt í tveimur spurningum um hvort leggja eigi sjóðina niður (þ.e. vinnumatssjóði háskólanna og Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora) „gegn því að samið verði um sambærilega prósentuhækkun grunnlauna“. Spurningarnar byggja á grundvallar misskilningi og eru til þess fallnar að skapa falskar væntingar um grunnlaunahækkunir hjá svarendum sem þekkja ekki vel til. Stjórnendur háskólanna eiga að vita (og það var undirstrikað á nýlegum fundi fulltrúa félaganna með aðstoðarrektora rannsókna í HÍ og gæðastjóra HÍ) að **þessir sjóðir eru ótengdir grunnlaunum akademískra starfsmanna. Þeir veita sérstaka umbun umfram grunnlaun fyrir það rannsóknaframlag akademískra starfsmanna sem er umfram fastar vinnuskyldur. Grunnlaunin eru hins vegar greiðsla fyrir vinnuskyldurnar. Rétt er að undirstrika að félög háskólakennara og prófessora hafa**

fengið sambærilegar hækkanir á sínum grunnlaunum og önnur félög háskólamanna hjá ríkinu undanfarin ár og eru að auki meðal þeirra kjarafélaga sem hafa hæst grunnlaun, en frekari hækkanir á grunnlaununum hafa ekki verið í boði af hálfu ríkisins. Tilvist sjóðanna hefur hins vegar gefið akademískum starfsmönnum háskólanna kost á launagreiðslum umfram þessi grunnlaun. Nánast óhugsandi er að ríkið féllist á þá viðbótarhækkun grunnlauna sem stungið er uppá í framangreindum tveimur spurningum. Ef slíkt fengist er nánast óhugsandi að akademískir starfsmenn nytu jafnframt allra annarra grunnlaunahækkana háskólamanna hjá ríkinu. Niðurstaðan yrði því lækkun meðallauna hjá akademískum starfsmönnum háskólanna. Þetta undirstrikar hversu afvegaleiðandi og í reynd marklausar þessar spurningar könnunarinnar eru.


4. Í könnuninni eru þátttakendur ekki spurðir um gildi vinnumatssjóðanna eða Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora, t.d. hvort greiðslur úr sjóðunum hafi haft áhrif (mikil, lítil eða engin; ellegar góð eða slæm) á rannsóknir þeirra eða rannsóknastarfsemi háskólans í heild. Þannig er dregin upp einhliða mynd af sjóðunum og framtíð þeirra sem svarendur eru beðnir um að taka afstöðu til.
5. Þá er spurt um önnur kjaraatriði í könnuninni sem hefði þurft að útskýra hvernig er háttað og hvers vegna, en það var ekki gert. Vafi leikur því á að starfsmenn skilji nægilega vel hvað spurt er um og hvað svör þeirra merkja. Dæmi um þetta eru tvær samliggjandi spurningar, annars vegar um „hækkun á kennsluskyldu (reglur um starfsskyldur)“ og hins vegar um „lækkun á kennsluskyldu (reglur um tilfærslu starfspátta)“. Hér er um tvær ólíkar reglur að ræða sem koma til af ólíkum ástæðum og tengjast kjörum og kjarasamningum með ólíkum hætti.
6. Furðu vekur að í könnuninni sé aðeins spurt einnar almennrar spurningar um kennslu, en ekki að neinu leyti athugað hver viðhorf starfsmanna eru til mismunandi útfærslu á kennslu og mati á henni. Kennsla er þó sá þáttur sem víðtæk samstaða er um að þurfi að meta með öðrum hætti og betur en nú er gert í ríkisháskólunum.
7. Þá kemur það einnig á óvart að einungis sé spurt einnar almennrar spurningar um „samfélagsþátttöku utan háskólans“ og annarar gallaðrar spurningar um „samfélagsþátttöku og stjórnun innan háskólans“, en gallinn stafar af því að spurt er um tvo hluti í einu og ekki ljóst hvað svarið þýðir (við hvað svarandinn miðar í svari sínu). Hér má minna á að stjórnun sem þáttur í matskerfinu krefst langþráðrar endurskoðunar (sbr. t.d. nýlega umsögn Félags prófessora við ríkisháskóla) og svipaða sögu er að segja um aðra þjónustu og samfélagsþátttöku.

Í stuttu máli er það okkar mat að könnunin sé með þeim annmörkum að ekki verði hægt að byggja á henni að neinu marki við endurskoðun matskerfis ríkisháskólanna eða varðandi ákvarðanir um framtíð og fyrirkomulag kjaratengdra sjóða akademískra starfsmanna. Hún nýtist því illa fyrir komandi kjaraviðræður og stofnanasamninga milli félaga akademískra starfsmanna og ríkisháskólanna.

Reykjavík og Akureyri, 20. júní 2018



Rúnar Vilhjálmsson, prófessor
Formaður FPR



Michael Dal, dósent
Formaður FH



Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent
Formaður FHA